

# BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. *P 127, 1934*  
komudagur *15.4.2002*

Reykjavík, 15. apríl 2002

Efni: Frumvarp til laga um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, 709. mál

Nauðsynlegt er að skipulag opinberrar þjónustustarfsemi sé stöðugt til endurskoðunar. Allar skipulagsbreytingar þurfa hins vegar að vera vel grundaðar og til þess fallnar að stuðla að betri og markvissari vinnubrögðum. Eflaust kunna að vera rök fyrir breyttri verkaskiptingu á milli opinberra aðila varðandi skráningu og úrvinnslu opinberra gagna en að okkar mati eru engin sjáanleg rök fyrir því að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Hún gegnir mikilvægu upplýsingahlutverki og væri æskilegt að efla hana og styrkja sjálfstæði hennar til dæmis með því að færa hana undir Alþingi eins og lagt er til í þingmáli númer 614.

Fráleitt er að færa alla þá starfsemi sem nú er á vegum Þjóðhagsstofnunar undir fjármálaráðuneytið sem er í eins nánum tengslum við pólitískt framkvæmdavald og hugsast getur. Þá er vandséð að Seðlabanki Íslands eða Hagstofan muni sinna því upplýsinga- og þjónustuhlutverki sem Þjóðhagsstofnun hefur sinnt.

BSRB vill taka fram að þegar leitað hefur verið til Þjóðhagsstofnunar af hálfu samtakanna hefur stofnunin brugðist vel við og jafnan af mikill fagmennsku. Þá vill BSRB lýsa furðu á því að leitað hafi verið eftir álit Alþýðusambands Íslands um frumvarpið en gengið fram hjá öllum öðrum samtökum launafólks. BSRB hefur tekið virkan þátt í umræðu um efnahagsmál á opinberum vettvangi og sent inn álitserðir sem snerta efnahags- og samfélagsmál til Alþingis, ráðuneyta og annarra aðila. Þessar álitserðir hafa verið unnar af skrifstofu samtakanna, þar á meðal hagfræðideild BSRB og í samráði við félagslega kjörna fulltrúa.

BSRB er reiðubúið til viðræðu um hvernig efla megi vandaða umræðu um efnahagsmál í landinu og munu samtökin eftir sem áður leggja sitt af mörkum til hennar. Við teljum það hins vegar afar misráðið að leggja Þjóðhagsstofnun niður og leggjum til að ríkisstjórn og Alþingi gefi sér betri tíma til þess að fjalla um framtíðarskipan þessara mála. BSRB leggst því alfarið gegn því að frumvarpið verði samþykkt en mælir með þingsályktunartillögu númer 614.

f.h. BSRB

*Svanhildur Halldórsdóttir*  
Svanhildur Halldórsdóttir